



### **13. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands miðvikudaginn 27. maí 2020 kl. 12 haldinn í Safnahúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík.**

Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Svanhildur Bogadóttir. Gunnar Gíslason mætti ekki. Enn fremur sátu fundinn Hrefna Róbertsdóttir þjóðskjalavörður, Anna Elínborg Gunnarsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðan núna og viðbrögð við Covid-19
2. Ársskýrsla 2019
3. Ársreikningur 2019
4. Staða rekstraráætlunar 2020
5. Eftirlitskönnun 2020 og fyrirhugað virkt eftirlit
6. Styrkir til héraðsskjalasafna
7. Staða húsnæðismála
8. Orðabelgur, Nýtt sögulegt hugtakasafn Þjóðskjalasafns og Hagþenkisverðlaun Bjarkar Ingimundardóttur
9. Dómar og skjöl yfirréttarins, 10 ára útgáfuverkefni
10. Græn skref og umhverfismál
11. Reglusetning ÞÍ reglugerð um héraðsskjalasöfn

Anna Agnarsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

#### **1. Staðan núna og viðbrögð við COVID-19.**

Þjóðskjalavörður kynnti stöðu verkefna í Þjóðskjalasafni og viðbrögð á safninu við COVID-19.

Fyrsti fundur neyðarstjórnar og viðbragðsteymis Þjóðskjalasafns vegna COVID-19 var 12. mars 2020 og hafa verið haldnir alls níu fundir, sá síðasti 20. maí sl. Viðbragðsáætlun var tilbúin 10. mars og var hún send í mennta- og menningarmálaráðuneytið. Helstu aðgerðir voru að þann 16. mars var gestafjöldi á lestrarsal takmarkaður við sex og gefnar út leiðbeiningar um tveggja metra fjarlægðatakmörkun til gesta. Tilmæli voru send út til starfsfólks að takmarka umgengni um húsnæðið og starfsfólk héldi sig á sinni starfsstöð að mestu. Þá var fjöldatakmörkun á kaffistofu starfsfólks sex manns. Hluti starfsfólks vann heima og voru þeir í forgangi sem voru í áhættuhópi að smitast eða áttu nána ættingja sem voru í áhættuhópi. Þann 6. apríl var samkomubann stjórnvalda hert og öllum söfnum gert að loka. Því var lestrarsal og afgreiðsla safnsins lokað. Hætt var að taka við skjalasöfnum til varðveislu, selja umbúðir og allir fundir innan- og utanhúss bannaðir. Þann 4. maí var lestrarsalur og afgreiðsla opnuð á ný eftir að slakað var á samkomubanni. Lestrarsalur var opnaður til bráðabirgða í fyrirlestrarsal safnsins þar sem viðgerðir voru hafnar á lestrarsal. Fjöldatakmörkun gesta miðaði við níu manns. Þann 25. maí sl. var enn



meira létt á samkomubanni. Ákveðið var að halda fjöldatakmörkun á lestrarsal óbreyttri. Starfsemi safnsins er að mestu komin í samt horf.

Samkomubann hefur því haft nokkur áhrif á starfsemina. Frestað var stofnun Hollvinasamtaka Þjóðskjalasafns, en stofnfundur hafði verið ákveðinn 31. mars síðastliðinn. Krepputímar hafa hins vegar líka áhrif á forgangsöröðun verkefna og hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar leitt af sér ný verkefni. Hafist er handa við að endurskoða alla rafræna innviði Þjóðskjalasafns og getur það verið verkefni til nokkurra ára. Skráningarátak verður á dagskrá í sumar, bæði í tengslum við sumarstörf á Þjóðskjalasafni sem og hjá opinberum aðilum. Ný námsleið í hagnýtri skjalfraði á MA stigi verður sett á laggirnar í haust í tengslum við kennslu í sagnfræði við Háskóla Íslands, opin fyrir nema með BA, BS eða B.Ed. próf í einhverri grein. Búist er við góðri þátttöku, m.a. vegna nýrrar stöðu á vinnumarkaði.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Njörður Sigurðsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

## 2. Ársskýrsla 2019.

Ársskýrsla safnsins var gefin út í vikunni, bæði á prenti og á vef Þjóðskjalasafns. Í henni er getið helstu verkefna síðastliðins árs. Nýtt skipurit tók gildi frá 1. september. Gengið var frá stofnanasamningum við BHM, jafnlaunavottun var staðfest og fyrsta skrefið stigið í grænum skrefum í ríkisrekstri. Byrjað var að gera upp starfsemina í ljósi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Húsnæðismálin voru í brennidepli, eins og endranær. En pappír afhendingum hefur fækkað nokkuð vegna viðtökustopps, en rafrænar afhendingar hafa ekki verið stærri en á síðasta ári. Einnig var lögð áhersla á að ráðstefnuhald og farið í heimsóknir á héraðsskjalasöfn

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

## 3. Ársreikningur 2019.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs gerði grein fyrir helstu niðurstöðum ársreiknings 2019. Samkvæmt ársreikningi var afkoma Þjóðskjalasafns Íslands í heild jákvæð um 45,2 m.kr. á árinu 2019. Rekstrargjöld ársins námu 455,9 m.kr. og afskriftir kr. 10,5 m.kr. Þar af voru tilfærslur, þ.e. greiðslur til héraðsskjalasafna, 33,3 m.kr. Tekjur vegna seldrar þjónustu námu 60,7 m.kr. Tekjufært framlag úr ríkissjóði til héraðsskjalasafna var 31,5 m.kr., styrkur til hillukaupa 35,0 m.kr., styrkur vegna framkvæmda á lóð við Ásholt og endurbætur á lestrarsal 12,5 m.kr. og tekjufært framlag úr ríkissjóði 371,9 m.kr. Jákvæð afkoma í árslok er til komin vegna styrks til hillukaupa upp á 35,0 m.kr. (eignfærsla) og styrks til endurbóta á lestrarsal 12,5 m.kr. Þar sem ekki náðist að hefja framkvæmdir fyrir lok árs 2019.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Örn Hannesson og Hrefna Róbertsdóttir.



#### 4. Staða rekstraráætlunar 2020.

Anna Elínborg Gunnarsdóttir, sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, gerði grein fyrir að samkvæmt bókhaldi Þjóðskjalasafns Íslands er afkoma fyrstu fjóra mánuði ársins jákvæð um 26,3 m.kr. Þar af eru ógreiddir verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna 13,0 m.kr. Styrkirnir voru greiddir út í byrjun maí en áætlaðir í apríl. Sértekjur eru 8 m.kr. yfir áætlun er það vegna fjárveitingar frá póstsögusjóðnum 9,2 m.kr. Launakostnaður er 72,4% af rekstrargjöldum, 1,8% undir áætlun.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Jónsson.

#### 5. Eftirlitskönnun 2020 og fyrirhugað virkt eftirlit.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum úr eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns sem fór fram í febrúar á þessu ári. Skýrsla með heildarniðurstöðum könnunarinnar verður gefin út á prenti og á vef Þjóðskjalasafns nú í júní. Þá gerði hann jafnframt grein fyrir áætlun safnsins um virkt eftirlit og eftirlitsheimsóknir sem hefjast næsta haust.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson og Guðmundur Jónsson.

#### 6. Styrkir til héraðsskjalasafna.

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir úthlutun verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna til skönnunar og miðlunar heimilda árið 2020. Auglýst var eftir umsóknum meðal héraðsskjalasafna 27. febrúar 2020 með umsóknarfresti til og með 1. apríl. Alls bárust 27 umsóknir frá 11 héraðsskjalasöfnum að upphæð 45.435.860 kr. en til úthlutunar voru 16.300.000 kr. Úthlutunarnefnd sem í sátu Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns, Helga Hlín Bjarnadóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni og Magnús Karel Hannesson, fyrrum sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mat umsóknir og gerði tillögur til þjóðskjalavardar. Tillögur nefndarinnar voru samþykktar í framkvæmdastjórn safnsins 21. apríl sl. og var ákveðið að úthluta styrkjum til 16 verkefna.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Gunnar Örn Hannesson, Svanhildur Bogadóttir, Hrefna Róbertsdóttir, Anna Elínborg Gunnarsdóttir og Guðmundur Jónsson.

#### 7. Staða húsnæðismála.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu húsnæðismála, en þau hafa verið mikið í deiglunni á þessu ári og því síðasta. Byrjað var að undirbúa endurbætur á lestrarsal á síðasta ári og hófust framkvæmdir í apríl. Verið er að endurnýja inngang, afgreiðslu og fyrirkomulag á lestrarsal. Þegar salurinn opnar aftur verður afgreiðsla á þriðju hæð lögð niður og öll afgreiðsla verður á sama stað. Einnig er verið að gera innangengt í skrifstofuhúsnæði og þar með geymslurnar þar sem verðmætustu skjölín eru. Forvarslan flytur á hæðina fyrir ofan lestrarsalinn og þá verða forverðir alltaf innan seilingar.



Frankvæmdasýsla ríkisins hóf vinnu við þarfagreiningu í húsnæðismálum Þjóðskjalasafns í október. Greiningin hefur leitt til þrískiptrar áætlunar, sem er enn í vinnslu og ekki búið að taka endanlega afstöðu til hennar í ráðuneytunum, mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Í fyrsta lagi tímabundnar geymslur til þriggja ára, þar sem gert er ráð fyrir skráningarátaki af 1200 brettum af gömlum afhendingum. Í öðru lagi varanlegar fjargeymslur innan höfuðborgarsvæðisins fyrir 70.000 hillumetra af skjölum. Og í þriðja lagi er verið að skilgreina þarfir fyrir nýjar höfuðstöðvar fyrir nútímalegt skjalasafn.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Gunnar Örn Hannesson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Svanhildur Bogadóttir.

## **8. Orðabelgur, Nýtt sögulegt hugtakasafn Þjóðskjalasafns og Hagþenkisverðlaun Bjarkar Ingimundardóttur.**

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir að nýr vefur, Orðabelgur – sögulegt hugtakasafn Þjóðskjalasafns var opnaður í gær að viðstöddu starfsfólki safnsins. Um er að ræða safn skjalfræðilegra hugtaka, orðskýringa og skammstafana sem Björk Ingimundardóttir hefur tekið saman. Í safninu eru um 80 greinar, 1400 orðskýringar og 1000 skýringar á táknum og skammstöfunum. Áfram verður unnið með þennan grunn og bætt í greinum og skýringum tengdum öðrum sviðum. Þá gerði þjóðskjalavörður grein fyrir því að Björk hefði hlotið viðurkenningu Hagþenkis fyrir stórvirki sitt *Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi* á Íslandi sem kom út í tveimur bindum á síðasta ári.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

## **9. Dómar og skjöl yfirréttarins, 10 ára útgáfuverkefni.**

Samningur milli Alþingis, Þjóðskjalasafns Íslands og Sögufélags var undirritaður í Þjóðskjalasafni 7. maí sl. um útgáfuverkefni til tíu ára á dómum og skjölum yfirréttarins á Íslandi og aukalögþinga. Fyrsta bindi verksins kom út árið 2011 þar sem gefin voru út skjöl frá árunum 1690–1710. Skjölín verða gefin út bæði á bók og með rafrænum hætti á vef Þjóðskjalasafns. Næsta bindi kemur út á árinu 2021 og mun innihalda skjöl frá árunum 1711–1730. Alþingi mun fjármagna útgáfuna, Sögufélag gefa út prentaðar bækur en Þjóðskjalasafn gera skjölín tilbúin til útgáfu og gefa þau út á vef safnsins.

Til máls tóku Hrefna Róbertsdóttir, Guðmundur Jónsson og Svanhildur Bogadóttir.

## **10. Græn skref og umhverfismál.**

Anna Elínborg Gunnarsdóttir sviðsstjóri rekstrar- og varðveislusviðs, gerði grein fyrir þátttöku Þjóðskjalasafns í verkefninu „Græn skref í ríkisrekstri“. Grænu skrefin eru leið fyrir opinbera aðila til að vinna markvisst að umhverfismálum eftir skýrum gátlistum og fá viðurkenningu eftir hvert skref. Á árinu hefur verið unnið markvisst að innleiðingu Grænu skrefanna og er



innleiðingu á skrefi 1, 2, 3 og 4 lokið. Vinna við innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfinu ISO 14001:2015 er hafin og er markmiðið að henni ljúki á árinu 2020. Þjóðskjalasafn Íslands hefur lokið vinnu við að færa grænt bókhald fyrir árið 2019. Í grænu bókhaldi er fylgst með þeim þáttum í starfseminni sem valdið geta neikvæðum umhverfisáhrifum. Með færslu bókhaldsins er leitast við að tryggja að þróunin verði jákvæð.

Til máls tóku Anna Elínborg Gunnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Guðmundur Jónsson og Gunnar Örn Hannesson.

### **11. Reglusetning Þjóðskjalasafns og reglugerð um héraðsskjalasöfn**

Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjala- og upplýsingasviðs, gerði grein fyrir stöðu á reglusetningu Þjóðskjalasafns Íslands. Þann 15. apríl sl. tóku gildi nýjar reglur um meðferð, varðveislu og eyðingu tölvupósta afhendingarskyldra aðila með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Í mennta- og menningarmálaráðuneyti eru nú tvær reglur til meðferðar, annars vegar um tilkynningu á rafrænum gagnasöfnum og hins vegar um eyðingu námsmatsgagna. Þá er unnið að öðrum reglum í Þjóðskjalasafni. Einnig gerði Njörður grein fyrir stöðu draga að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns. Drögin voru auglýst til umsagnar í Samráðsgátt stjórnvalda þann 13. febrúar sl. með umsagnarfresti til 13. mars. Alls bárust 12 umsagnir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur úr umsögnum og ber ábyrgð á gangi málsins.

Til máls tóku Njörður Sigurðsson, Svanhildur Bogadóttir, Jóhanna Gunnlaugadóttir, Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir.

### **13. Frágangur fundargerðar.**

Fundargerðin lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:14.

Anna Agnarsdóttir (sign)

Guðmundur Jónsson (sign)

Jóhanna Gunnlaugsdóttir (sign)

Gunnar Örn Hannesson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)